

# Verkefnasjóður UÍF

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verkefnasjóður UÍF og er í vörslu stjórnar UÍF.

2. gr.

Markmið sjóðsins er:

- Að veita aðildarfélögum UÍF styrki til að viðhalda öflugu íþrótt- og félagsstarfi.
- Að veita iðkendum aðildarfélaga UÍF sem skara fram úr viðurkenningu og stuðning til þjálfunar vegna þátttöku í mikilvægum mótum.
- Að styrkja verkefni aðildarfélaga UÍF sem tengjast heilsu og forvarnarstarfi.

3. gr.

Umsóknum skal skila til stjórnar UÍF. Stjórn UÍF úthlutar úr verkefnasjóðnum. Einnig getur stjórn UÍF styrkt verkefni án umsóknar enda séu þau í samræmi við markmið sjóðsins.

4. gr.

Tekjur verkefnasjóðsins eru:

1. 10 % af styrk Fjallabyggð til UÍF.
2. Hlutdeild í hagnaði af Íslenskri getspá samkvæmt reglum þar að lútandi.
3. Áheiti og gjafir.
4. Vaxtatekjur

5. gr.

Höfuðstóll verkefnasjóðsins skal aldrei vera lægri en kr. 400.000 eftir úthlutun. Stjórn UÍF skal gera grein fyrir stöðu sjóðsins í ársreikningum.

6. gr.

Styrkhæf verkefni eru m.a.

- Þáttöku- eða námskeiðsgjald við menntun þjálfara og dómara (allt að 100% af kostnaði)
- Ferða- og gistikostnaður við menntun þjálfara og dómara (allt að 75% af kostnaði)
- Gjald vegna æfinga- og keppnisferða á vegum sársambanda (allt að 75% af kostnaði)
- Ferða- og gistikostnaður vegna æfinga- og keppnisferða á vegum sársambanda (allt að 75% af kostnaði)
- Ferða- og gistikostnaður vegna þjálfara í æfinga- og keppnisferða erlendis (allt að 75% af kostnaði)
- Viðurkenning til íþróttamanns Fjallabyggðar (100.000 kr.)

Sjóðurinn styrkir ekki áhalda- og búnaðarkaup vegna íþróttaiðkunar né mannvirkjagerð.

7. gr.

Úthlutnarreglurnar skulu endurskoðaðar annað hvert ár. Tillögur að breytingum skulu kynntar á formannafundi og samþykktar á næsta Ársþingi.

Kynnt á formannafundi UÍF dags: \_\_\_\_\_ Samþykkt á Ársþingi UÍF \_\_\_\_\_